SIV Credit Fund slhf.

Viðauki við lýsingu sem dagsett er 17. október 2025

Viðauki þessi, sem dagsettur er 18. nóvember 2025 (hér eftir „**viðaukinn**"), við lýsingu útgefna af sérhæfða sjóðnum SIV Credit Fund slhf., kt. 691123-1700, Ármúla 3, 108 Reykjavík (hér eftir „**SIV Credit Fund**" eða **„útgefandi"**) sem dagsett er 17. október 2025 og samanstendur af útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt, er birtur á grundvelli laga nr. 14/2020, um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Lýsingin, skal höfð til hliðsjónar við lestur viðaukans og skal viðaukinn mynda órjúfanlegan hluta lýsingarinnar. Skilgreiningar sem birtar eru í lýsingunni gilda einnig um viðaukann nema samhengi eða orðalag bendi til annars.

Viðaukinn hefur verið staðfestur af fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík (hér eftir „Fjármálaeftirlitið"), sem telst lögbært yfirvald í skilningi ákvæða reglugerðar (ESB) 2017/1129. Fjármálaeftirlitið staðfestir aðeins viðaukann telji eftirlitið að hann uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) 2017/1129, meðal annars um að upplýsingar í þeim séu fullnægjandi, samkvæmar og skiljanlegar. Ekki skal líta á staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á lýsingunni eða viðauka þessum sem stuðning við útgefandann eða staðfestingu á gæðum skuldaskjalanna sem lýsingin varðar. Fjárfestar skulu ávallt leggja sjálfstætt mat á hvort þeim henti að fjárfesta í skuldaskjölunum byggt á eigin mati á skilmálum skuldabréfanna, lýsingu útgefanda og viðauka þessum.

Viðaukinn og lýsingin eru á íslensku og birt með rafrænum hætti á vefsíðu útgefanda: https://iv.is/siv-credit-fund/

Umsjónaraðili er Landsbankinn hf.

Dagsetning viðaukans er 18. nóvember 2025

Með viðauka þessum er kafla 1.9.3 „Áhætta tengd afskráningu skuldabréfa" í útgefandalýsingu skipt upp í tvo kafla og eru kaflarnir eftirfarandi: kafli 1.9.3 „Seljanleikaáhætta" og 1.9.4 „Áhætta tengd afskráningu skuldabréfa". Kaflarnir verða eftirleiðis:

1.9.3 Seljanleikaáhætta

Seljanleikaáhætta felur í sér þá áhættu á að ekki reynist unnt að selja skuldabréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið. Þrátt fyrir að sótt hafi verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland er ekki hægt að ábyrgjast skilvirkan markað með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta eða að slíkur markaður myndist í framtíðinni. Þá hvílir engin skylda á útgefanda til að viðhalda slíkum skilvirkum markaði.

1.9.4 Áhætta tengd afskráningu skuldabréfa

Samkvæmt skilmálum skuldabréfaflokksins er heimild til afskráningar skuldabréfaflokksins SCF 24 1 úr verðbréfamiðstöð á líftíma bréfsins komi upp vissar aðstæður sem taldar eru upp í skilmálum skuldabréfaflokksins og ef tilkynning frá útgefanda berst til Nasdaq verðbréfamiðstöðvar, eða viðkomandi verðbréfamiðstöðvar.

Útgefandi mun fara fram á töku skuldabréfaflokksins úr viðskiptum í Kauphöll komi upp sú staða í kjölfar uppgreiðslu mótaðila að vægi einstaka mótaðila verði verulegt eða yfir 20% af heildareignum eða ef að mótaðilar verða fimm eða færri. Sú áhætta er því fyrir hendi að skuldabréfin verði tekin úr viðskiptum og að ekki skapist virkur eftirmarkaður með skuldabréfin. Fjárfestar eiga því hættu á að geta ekki selt skuldabréfin á því verði eða í því magni sem þeir vilja.

Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðaukans fyrir hönd útgefanda

Stjórnarformaður SCF GP ehf., kt. 601023-0830, Ármúla 3, 108 Reykjavík, sem gegnir hlutverki stjórnar útgefanda og framkvæmdastjóri SIV Credit Fund slhf., kt. 691123-1700, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 18. nóvember 2025

Fyrir hönd SCF GP ehf.

_____

Arnór Gunnarsson, stjórnarformaður

Fyrir hönd SIV Credit Fund slhf.

_____

Þorkell Magnússon, framkvæmdastjóri

Undirritunarsíða

F.h. SIV Credit Fund slhf.
Þorkell Magnússon

Undirritað af:
Þorkell Magnússon
0305743119
Dags: 18.11.2025
Tími: 11:21:09
Ástæða: 2025 11 18 SIV Credit Fund Vidauki vid lysingu
Signet ID: 45e22dfa-9043-4650-a504-b4b0de31f6e3

F.h. SCF GP ehf.
Arnór Gunnarsson

Undirritað af:
Arnór Gunnarsson
1507783369
Dags: 18.11.2025
Tími: 13:13:12
Ástæða: 2025 11 18 SIV Credit Fund Vidauki vid lysingu
Signet ID: 45e22dfa-9043-4650-a504-b4b0de31f6e3